

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti deiliskipulag fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi á bæjarstjórnarfundi þann 16. janúar 2020.

Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru skipulag þjónustusvæðis, bílastæða, stíga og tenginga við aðliggjandi svæði, lega hringvegarins og tengingar við hann, og umhverfismat deiliskipulagsins.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2005. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi, áningar- og þjónustusvæði ferðamanna, sem staðfest var 2013.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 4. júní 2020.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2020